

Jónas Guðmundsson

MYNDLIST

I austursal Kjarvalsstaða, stendur sýning á verkum meistarans. Viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár, og smám saman læðist sá grunur í brjóstið á okkur, hvort sýona löng og niðurnegld sýning sé þessum ævintýramanni íslenskrar myndlistar ekki ofvíða?

I Finnagaldri, afganskri innrás Rússa í Finnland rétt fyrir heimsstyrjöldina síðari, greip íslenska útvarpið til þess ráðs að spila Finnlandíu Sibelíusar upp á hvern dag og hið mikla hljómverk var byrjað að gefa sig á saumunum, rétt í þann mund er Finnar voru néyddir til landaafsals.

Hið beinsterka tónverk þóldi ekki daglegan söng.

Eitthvað á þessa leið hugsar maður um Kjarval núna, hvort verið sé þarna að eyðileggja fögnuð, afmá yndi, eða faðma sorg sem ekki er lengur til? Og málið snýst ekki einu sinni um það hvort eða hver er snillingur, heldur hversu reyna má á þolinmæði almennings út af einum og sömu myndum.

Að visu má segja sem svo, að annað gildi um þá sem eru eins og gráir kettir í listasölum höfuðborgarinnar. Annað mál gildi um þá sem koma sjaldan. Nauðsynlegt sé að hafa þessa sýningu handa grunnskólunum, handa sveitamönnum sem koma í bæinn og handa útlendingum, sem vilja sjá munad þessarar borgar á einum stað. En hvað um það. Þessi sýning er að mínu mati að gera út af við vissan þátt í ævi hins mikla málara.

Það má benda á, að myndirnar á Kjarvalsstöðum eru í eigu Reykjavíkurborgar, og þótt þar séu margir dýrgripir, er það einnig ljóst að margar af bestu myndum Kjarvals vantar þarna: þannig séð, er meistarin sýndur talsvert undir raunverulegum styrkleika sínum, vægast sagt.

Hver var Kjarval?

— Hver var Kjarval?
Þetta kann að þykja einkennileg spurning, en við skulum þá í leiðinni gera okkur grein fyrir því, að hann tilheyrir ákveðinni kynslóð. Kjarval var fæddur árið 1885 og hann andaðist árið 1972.

Nýjar kynslóðir eru að vaxa úr grasi, og þær þekkja ekki þann Kjarval er við á miðjum aldri þekktum, persónulega eða sem frægan mann í landinu og þjóðsögu í senn.

Kjarval setti svip á samtíð sína. Það gerði hann með töfrandi hætti. Allir voru jafningjar hans, jafningjar hins mikla snillings með barnshjartað.

Reykjavíkurborg kys þó að kynna lífsverk hans með þessum einfalda hætti, að hafa stöðuga sýningu á sömu myndunum án afláts, en aðrir þættir virðast gleymast.

Það gegnir nefnilega öðru máli, þegar myndir eftir menn hanga á listasafni, innan um aragrúa mynda. Þá vita allir að verið er fyrst og fremst að gera myndlistinni skil.

Maðurinn bak við myndina er að öðru leyti ekki kynntur.

Þetta er staðreynd, sem allir vita, og þeir fara á listasöfn til að sjá myndir, þar með búið.

Kjarvalsstaðir eru á hinn bóginn stofnun, er kennir sig við einn ákveðinn mann, og það er hrein fölsun að halda því að innlendu fólki (sem ekki veit sögu hans) og útlendingum, að Kjarval hafi aðeins málað myndir, en það litur svo út, ef öðrum þáttum eru ekkert gerð mikil skil í sömu andrá.

Við getum nefnt margt:

Til dæmis var Kjarval skáld. Hann gaf út smábækur: Grjót (1930), Meira grjót (1937), Fornmannasaga. Enn grjót (1938) Einn þáttur. Leikur (1938). Ljóðagrjót (1956). Hvalasagan frá átján hundruð nítíu og sjö (1956) (2. útg. 1957).

Fleira gaf hann út. Meira að



Jóhannes Kjarval.

Að gera endurminningunni skil

Fáein orð um Kjarval

segja listafólk, sem ég man nú ekki í svipinn hvað hét.

Þá ritaði hann mikið í blöð og ýmsir hafa gefið út bækur um Kjarval og verið er að vinna að miklu riti um hann, þar sem fjallsjóir af heimildum koma fram, því miklu af bréfum og handritum hefur verið til skila haldið, það er því líklegt að ævi hans verði gerð ítarleg skil í bók innan tíðar.

Það er mikil sorg fyrir land að missa hæfan listamann, líka fyrir borgir og bæi, er glata við það töfrum. En minningarvinna er vandasamt verk. Og þótt það sé góðra gjalda vert að sumu leyti að láta myndir hanga uppi árum saman, þá má ekki gleyma því að þarna er aðeins verið að gera skil litlu broti af mikilli sögu Kjarvals, listasögu og skáldsögu í senn.

Breytum til

Ef meiningin er að koma mynd af þessum manni, eða Kjarval, til skila með þessum hætti, erum við á rangri leið.

Niðurneglda sýningin mun ríða honum að fullu, fyrr eða síðar.

En hvað á þá til bragðs að taka? kunna menn að spyrja.

Eg held að vænlegast væri að hafa sýninguna heldur minni, og breyta ofurlítið til. Með samvinnu við önnur söfn og ein-

staklinga mætti skapa nægjanlega tilbreytingu og sýna fleiri hliðar á málverki Kjarvals en nú er gert. Nefni ég sem dæmi þá hrifandi stund er Frímúrara-reglan lánaði Haustveður á Skagaströnd á Kjarvalsstaði, ógleymanlegt málverk. Þannig eru víða dýrgripir á næstu grösum eftir Kjarval.

Þá mætti einnig hafa til sýnis ritverk Kjarvals, og þær bækur er um hann er ritað í. Málverkabækur og annað.

Það er til dæmis mikill fengur að ljósmyndum Rafns Hafnfjörð núna, er hann tók af vinnustofu Kjarvals um það leyti er Kjarval hætti að mála. Þetta eru fallegar myndir og ógleymanleg heimild líka.

Ekki þarf t.d. annað en að sjá hvað á veggjunum hangir, hjá listamanninum, hvað vakti eftirtekt þessa manns, á sínum tíma, svo dæmi séu nefnd.

Þá ætti að hafa á staðnum eitthvað af merkilegum greinum er Kjarval ritaði í blöð. Þetta voru oft stuttir en innblásnir pistlar um margvíslegustu efni, og svo mætti sýna eitthvað af þeim aragrúa ljósmynda, sem teknar hafa verið af Kjarval og varðveittar hafa verið.

Þóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri listráðs Kjarvalsstaða, hefur sagt mér, að til standi að nota Austursalinn til að syngja í og jafnvel dansa, og



Lómagnúpur



Hugarkvöl.

til að halda þar litla tónleika. Myndirnar verða samt áfram uppi. Þetta list mér líka vel á,

því öll nýbreytni dregur úr því máttleysi og dvala er nú er yfir salnum.